

Reiðhjól TRYGGING

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar

Skilmáli E-36

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER REIÐHJÓLATRYGGING?

Reiðhjóltrygging er sérstök trygging gegn þjófnaði og skemmdum á hjóli, búnaði, fatnaði og öryggisbúnaði sem notaður er við hjólreiðar og er að auki vernd gegn öðrum óvæntum atvikum.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

REIÐHJÓL OG BÚNAÐUR

- ✓ Tjón af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi, notkun eða geymslu.

ÁBYRGÐARTRYGGING HJÓLREIÐA

- ✓ Skaðabótaskylda sem fellur á hinn váttryggða við hjólreiðar, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum.
- ✓ Tjón sem barn, yngra en 10 ára veldur, án tillits til skaðabótaskyldu að lögum.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

REIÐHJÓL OG BÚNAÐUR

- ✗ Tjón sem orsakast af snöggum hita og/eða rakabreytingum.
- ✗ Tjón sem stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða innri bilunum.
- ✗ Tjón sem verður er váttryggður gleymir eða týnir reiðhjólinu.
- ✗ Óbeint tjón sem leiða kann af bótaskyldum atburði.

ÁBYRGÐARTRYGGING HJÓLREIÐA

- ✗ Tjón á munum sem váttryggður hefur til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
- ✗ Tjón á munum, sem váttryggður hefur tekið ófrjálsri hendi.
- ✗ Tjón vegna skaðabótakröfu sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda húseigna, loftfara, lystibáta eða hvers kyns skráningarskyldra vélknúinna faratækja.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Vátryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu reiðhjólans. Reiðhjól skulu vera tryggilega læst þegar þau eru ekki í notkun eða geymd í læstum geymslum eða öðrum læstum húsakynnum. Séu reiðhjól geymd á stöðum sem aðrir en vátryggingartaki hafa aðgang að, s.s. hjólageymslum, skulu hjólin tryggilega læst.
- Vátryggðum ber að fara eftir lögum, reglum og lögreglusamþykktum um umferðarmál og hjólreiðar.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Mismunandi eftir því hvaða þáttur tryggingarinnar er undir. Almennt gildir tryggingin á Íslandi og á ferðalögum erlendis eftir því sem við á, í allt að 92 daga frá brottfarardegi frá Íslandi. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- Tilkynna tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.